

## KJARASAMNINGUR

milli

AFLS og RSÍ

og

Alcoa Fjarðaáls

1.gr.

Síðastgildandi kjarasamningur aðila framlengist til 28. Febrúar 2025 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og fellur úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

2.gr.

Gildistími samningsins er frá 1. mars 2023 til 28. febrúar 2025

Launabreytingar

1. mars 2023

Grunnlaun hækka um 9,9%

Orlofs og desemberuppbót 2023 taka sömu hlutfallslegu hækkun og grunnlaun.

Vinnutími styttist og verður:

Hjá starfsmönnum í vaktavinnu 34,15 klst. Vinna samkvæmt vaktakerfi auk 3 bætivakta

Hjá starfsmönnum í dagvinnu 36,3 klst. Stytting tekin frá Jan-Maí og Sept-Des, allt að 1 dagur á mánuði. Ekki er heimilt að færa styttinguna milli mánaða.

Orlof starfsmanna breytist ekki þrátt fyrir vinnutímastyttingu

Orlofsdagar dagvinnustarfsmanna reiknast sem hér segir:

Orlofsréttur dagvinnufólks	Klukkustundir í dagvinnu
<b>26 daga orlofsréttur fyrstu 4 ár í starfi</b>	204
<b>28 daga orlofsréttur eftir 4 ár í starfi</b>	220
<b>30 daga orlofsréttur eftir 7 ár í starfi</b>	235

Orlofsdagar umreiknast í vaktir sem hér segir:

Orlofsréttur vaktavinnufólks	Klukkustundir í vaktavinnu	Orlofsvaktir í vaktavinnu
<b>26 daga orlofsréttur fyrstu 4 ár í starfi</b>	180	22,5 vaktir
<b>28 daga orlofsréttur eftir 4 ár í starfi</b>	194	24,25 vaktir
<b>30 daga orlofsréttur eftir 7 ár í starfi</b>	208	26 vaktir

Grein 5.3 í aðalkjarasamningi, Bretland bætist við lista yfir ríki utan EES svæðisins.

1. mars 2024

Grunnlaun hækka sem nemur 95% af breytingu á launavísitölu Hagstofu Íslands frá desember 2022 til desember 2023, seinni mæling er gefin út í janúar 2024

Orlofs og desemberuppbót taka sömu hlutfallslegu hækkun og grunnlaun 2024.

Bókun vegna Stóriðjuskóla, grein 9.3

Unnið verður að útfærslu og útvíkkun á stóriðjuskóla þrepi iðnaðarmanna og verður það að fullu innleitt í október 2023

Bókun vegna fæðingarstyrks, grein 5.5

Unnið verður að útfærslu og endurskoðun á fæðingarstyrk fyrir starfsmenn og stefnt að því að útfærslu verði lokið í október 2023

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp á lögformlegan hátt, sbr. 5. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum. Atkvæðisrétt um samning þennan eiga starfsmenn Alcoa Fjarðaáls sem heyra undir gildissvið samningsins og eru fullgildir félagar í hlutaðeigandi félögum. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl.08:00 þann 20. mars 2023 skoðast hann samþykktur.

Reyðarfjörður 6. mars 2023

F.h. Afls starfsgreinafélags

Fyrir hönd RSÍ

Fyrir hönd Alcoa Fjarðaáls sf.

*Þórunn Þórunn Þórunn*  
*Asta Þórunn Þórunn*  
*Þórunn Þórunn Þórunn*  
*Auna Þórunn Þórunn*  
*Þórunn Þórunn Þórunn*  
*Jónas Þórunn Þórunn*  
*Þórunn Þórunn Þórunn*  
*Berglín Þórunn Þórunn*  
*Marek Þórunn Þórunn*

*Kristján Þórunn Þórunn*  
*Þórunn Þórunn Þórunn*

*Sunn M. Þórunn Þórunn*  
*Þórunn Þórunn Þórunn*  
*Þórunn Þórunn Þórunn*  
*Þórunn Þórunn Þórunn*